

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 251/2018

2021/EES/62/30

frá 5. desember 2018

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/105 frá 27. október 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 að því er varðar að bæta Eþíópíu á skrána um þriðju lönd með mikla áhættu í töfluna í I. lið í viðaukanum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/212 frá 13. desember 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Srí Lanka, Trínidad og Tóbago, og Túnis í töfluna í I. lið í viðaukanum ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 23bb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 R 0105:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/105 frá 27. október 2017 (Stjútíð. ESB L 19, 24.1.2018, bls. 1),
- **32018 R 0212:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/212 frá 13. desember 2017 (Stjútíð. ESB L 41, 14.2.2018, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2018/105 og (ESB) 2018/212, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2018 frá 5. desember 2018 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 19, 24.1.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 41, 14.2.2018, bls. 4.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 337, 23.9.2021, bls. 49.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.